



Reykholti, 23. janúar 2020

Til eigenda atvinnuhúsnæðis í Bláskógabyggð

Úrgangsmál fyrirtækja

Á næstu vikum verða breytingar á fyrirkomulagi sorpmála í Bláskógabyggð, þar sem fyrirtækjum verður gert skylt að flokka úrgang. Einnig mun hefjast gjaldtaka á gámasvæðum sveitarfélagsins og verður hér farið nánar yfir þær breytingar sem snúa að sorpmálum fyrirtækja.

Um söfnun úrgangs frá atvinnuhúsnæði fer skv. 8. gr. nýrrar samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Bláskógabyggð, en þar er kveðið á um skyldu rekstraraðila til að flokka úrgang í samræmi við ákvæði samþykktarinnar, svo og um að rekstraraðilar geti skilað flokkuðum úrgangi á gámasvæði sveitarfélagsins gegn gjaldi eða samið við þjónustuverktaka um þjónustu fyrir slíkan úrgang. Er rekstraraðilum sem hafa þörf fyrir að láta sækja til sín úrgang, og ekki eru með slíka þjónustu nú þegar, bent á að semja við þjónustuverktaka um slíka þjónustu, en eins og er bjóða a.m.k. tvö fyrirtæki slíka þjónustu innan Bláskógabyggðar, þ.e. Íslenska gámafélagið (www.igf.is) og Terra umhverfisþjónusta (www.terra.is).

Þann 1. febrúar 2020 hefst gjaldtaka á gámasvæðum Bláskógabyggðar á Laugarvatni, í Reykholti og við Heiðarbæ fyrir gjaldskyldan úrgang. Allur rekstrarúrgangur frá fyrirtækjum telst gjaldskyldur, þar á meðal úrgangur sem heimili geta skilað gjaldfrjálst, svo sem lífrænn úrgangur, pappír og plast. Undir gjaldskyldan úrgang fellur einnig allt hreint timbur, málað timbur og grófur úrgangur, óháð því hvort það stafar frá rekstri eða af einkanotum, sjá nánar hér að neðan. Gjald fyrir hvern rúmmetra er 5.500.- kr.

Sorpeyðingargjald verður lagt á þær eignir sem flokkast sem atvinnuhúsnæði (eignir sem falla í c-flokk við álagningu fasteignaskatts) fyrir árið 2020, líkt og verið hefur, og verður gjaldið kr. 50.327. Greiðendur sorpeyðingargjalds fyrir fyrirtæki fá klippikort til að nota á gámasvæðum sveitarfélagsins. Hér meðfylgjandi er klippikort fyrir 9 rúmmetrum sem eigendur fyrirtækja geta notað á árinu 2020 þegar þeir losa sig við gjaldskyldan úrgang á gámasvæðum sveitarfélagsins. Þegar inneign á klippikortinu klárast er rukkað samkvæmt gjaldskrá. Kortið fellur úr gildi 31. desember 2020.

Úrgangur sem skilað er á gámasvæði skal vera flokkaður. Ef ekki er flokkað og erfitt er að sjá hverju er verið að henda verður innheimt gjald eða tekið af klippikortinu fyrir öllum úrganginum. Í töflu á bakhlið bréfsins er farið yfir gjaldskyldu.

Uppgröft frá jarðvegsframkvæmdum, m.a. húsgrunnum, skal afsetja á sérstökum svæðum fyrir losun slíks úrgangs. Hafa skal samband við Bláskógabyggð í síma 480 3000 áður en uppgröftur er fluttur á losunarstað.

Nú hefur söfnun á lífrænum heimilisúrgangi staðið yfir í tæpt ár og hefur almennt tekist vel til við það og þakkar Bláskógabyggð íbúum og fyrirtækjum fyrir þann góða árangur. Minnt er á að lífræni úrgangurinn má ekki vera í plastpokum heldur skal hann vera í pokum úr pappír eða maíspokum sem jarðgerast með lífræna úrganginum.



Flokkunarleiðbeiningar fyrir heimilisúrgang má nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins, www.blaskogabyggd.is, bæði á ensku og á íslensku.

Vakni spurningar vegna þessara breytinga má beina þeim í síma 480 3000 eða á netfangið blaskogabyggd@blaskogabyggd.is.

Úr gjaldskrá fyrir gámasvæði Bláskógabyggðar:

Flokkur	Gjaldskylt frá heimilum og frístundahúsum	Gjaldskylt frá rekstraraðilum (fyrirtækjum og lögbýlum)
Almennur heimilisúrgangur	nei	já
Pappi og pappír	nei	já
Lífrænn heimilisúrgangur	nei	já
Pastumbúðir og annað plast	nei	já
Gler	nei	já
Hjólbarðar	nei	nei
Málmar	nei	já
Spilliefni sem bera úrvinnslugjald	nei	nei
Raftæki	nei	nei
Raflöður, rafgeymar	nei	nei
Fatnaður og klæði	nei	já
Heyrúlluplast	nei	nei
Skilagjaldsskyldar drykkjarumbúðir	nei	nei
Almennur rekstrarúrgangur	á ekki við	já
Blandaður úrgangur	já	já
Grófur óflokkaður úrgangur sem þarfnast flokkunar	já	já
Óflokkaður úrgangur	já	já
Grófur úrgangur frá framkvæmdum	já	já
Bólstruð húsgögn, dýnur o.þ.h. óendurnýtanlegt	já	já
Bílrúður	já	já
Steinefni frá framkvæmdum	já	já
Timbur, ómálað	já	já
Timbur, málað	já	já
Garðaúrgangur, greinar, gras	já	já
Grjót, múrbrot og jarðvegur	já	já
Gifspötur, flísar og postulín	já	já
Dýrahæ	já	já

F.h. Bláskógabyggðar
Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri